

Ed.

658. Frumvarp til laga

[197. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur % ^o
Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:			
1. Athugasemdin aftan við nr. 11 í 19. kafla falli niður.			
2. Aftan við nr. 3 í 28. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: Aths. Ráðuneytinu er heimilt að færa kolsýru niður í 8% verðtoll.			
3. Aftan við nr. 51 í 28. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 51a — Frostlögur og bremsuvökvi	1 kg	7	30
4. Í stað nr. 2 í 30. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi: Litarextrakt úr jurtaríkinu:			
2 — barkarlitur	—	2	2
2a — annar	—	7	8
5. Aftan við nr. 13a í 31. kafla komi nýr liður svo hljóðandi: 13b — ilmefni til sápugetur	—	7	8
Aths. Ilmefni til sápugetur teljast því aðeins til nr. 13b, að við- takandi vörunnar reki sápugetu og þess sé getið í aðflutnings- skýrslu, að varan verði einungis notuð til framleiðslunnar.			
6. Í stað fyrirsagnarinnar að 33. kafla „Ostaefni (kaseín), albúmin, gelatín, lím og steiningarefni (appretúrefni)“ komi: Eggjahvítudefni og efni leidd af þeim, lím og stein- ingarefni.			
7. Aftan við nr. 3 í 33. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 3a Peptón, petónöt, protein, ót. a., og efni leidd af þeim	—	7	8
8. Í stað nr. 6 í 33. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi: 6 — dextrín	—	7	8
6a — annað	—	7	30
9. Aftan við nr. 19a í 39. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi: 19b Björgunarbátar og önnur björgunartæki	—	2	2
10. Aftan við nr. 7 í 40. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka eða fella niður verðtoll af ósöguðum trjáviði í fisktrönur.			
11. Nr. 11 í 40. kafla orðist svo: 11 — askur og álmur	—	10	8
12. Við nr. 61 í 40. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll af túrbínupípum niður í 8%.			
13. Aftan við nr. 12 í 44. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi: 12a Filterpappír til olíuhreinsunar	—		2
14. Nr. 1 í 46. kafla B orðist svo: 1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gervipræðir	—	7	5
15. Nr. 5 og 5a í 46. kafla B orðist svo: 5 — netjagarn, einlitt	—	2	
5a — annað	—	7	5
16. Nr. 1 í 46. kafla C orðist svo: 1 Þráður úr alls konar spunaefnum, vafinn eða tviunaður með málmþræði	—	20	50
17. Nr. 5 í 49. kafla orðist svo: 5 — netjagarn	—	2	

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
18. Nr. 35 í 50. kafla orðist svo: 35 — annars	1 kg	20	15
19. Í stað nr. 10 í 52. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi: — — baðmull: — — — nærfatnaður:			
10 — — — — „manchettskyrtur“	—	20	50
10a — — — — annar	—	20	25
20. Nr. 34 í 52. kafla orðist svo: 34 Segl og bárufløygar	—	2	8
21. Nr. 42 í 63. kafla falli niður.			
22. Aftan við athugasemdina við nr. 66 í 63. kafla bætist: Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka verðtoll af rúmum fyrir sjúkrahús niður í 8%.			
23. Aftan við nr. 97 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 97a — önnur	—	7	8
24. Nr. 25 í 71. kafla orðist svo: 25 — með áletrun, sem ber með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um innlendar landbúnaðar- og sjávar- afurðir eða aðrar íslenskar afurðir til útflutnings	—		2
25. Nr. 15 í 75. kafla orðist svo: 15 Hestvagnar, heygrindur fyrir dráttarvélar og aðrir áþekkir vagnar og vagnhlutar, ót. a.	—	2	8
26. Nr. 4 í 77. kafla orðist svo: 4 Smásjár og smásjárhlutar	—	7	8
27. Í stað fyrirsagnarinnar að 79. kafla „Hljóðfæri og hljóð- færahlutar“ komi: Hljóðfæri, hljóðritunartæki og hlutar til þeirra.			
28. Í stað nr. 8 í 79. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi: 8 Harmoníkur	—	7	50
8a Hlutar til harmoníka	—	7	30
29. Í stað nr. 8 og 9 í 82. kafla komi fimm nr., svo hljóðandi: 8 — umbúðablöð, ólituð, einnig áletruð, ef áletrunin ber það með sér, að þau séu ætluð utan um íslenskar afurðir til útflutnings	—		2
— plötur, stengur, þynnur o. þ. h.:			
9 — — einlitar og ómunstraðar	—	7	15
9a — — aðrar í ströngum eða lengjum	—	7	20
9b — duft og deig, ót. a.	—	7	8
9c — fatnaður, nema skófatnaður	—	7	40
30. Aftan við nr. 6 í 85. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 7 Bandprjónar, heklunálar, prjónavélanálar, saumavéla- nálar, saumnálar, seglsaumsnálar, striganálar, stoppu- nálar og aðrar þess háttar nálar	—	7	10

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. i-liður 3. gr. orðist svo:

- i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af umbúðum og af efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar, og af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á slíkum umbúðum.

2. j-liður 3. gr. orðist svo:
- j. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efnivörum í innlendar framleiðslu- og iðnaðarvörur, sem sendar eru til útlanda til sölu þar, enda sé hægt að ganga úr skugga um magn og verð hinna erlendu efnivara, eða að greiða hinum innlendu framleiðendum útflutningsendurgreiðslur, sem svari sem næst til þeirra aðflutningsgjalda, sem ætla má að greiddar hafi verið af efnivörunum.
3. Á eftir y-lið 3. gr. komi þrjú nýir stafliðir, svo hljóðandi:
- z. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af aðvinnslukostnaði íslenskra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis, enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram hér á landi og vörurnar séu að vinnslu lokinni fluttar til útlanda til sölu þar.
 - þ. Að heimta aðeins verðtoll af leigu tækja, sem eru send hingað til notkunar um stuttan tíma og þegar eru endursend að notkun lokinni.
 - æ. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til netjagerðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi numdir 17. liður laga nr. 49/1950 og 21. liður 1. gr. laga nr. 108/1951, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.